


02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga –  
Ársskýrsla 2006



Fjölbrautaskóli  
Snæfellinga

## Ársskýrsla 2006

### Helstu breytingar í skólastarfinu

Í ársbyrjun 2006 voru nemendur 225 talsins og höfðu aldrei verið fleiri. Skólastarf gekk vel á árinu og bar það helst til tíðinda að vélstjórnarnám hófst í samvinnu við Fjöltækniskóla Íslands, unnið var að gerð stofnanasamnings í samræmi við kjarasamning kennara og þróunarstarf hélt áfram af fullum krafti.

Vélstjórnarnám á vélstjórnarbraut 1. stigs í samvinnu við Fjöltækniskóla Íslands hófst í febrúar og því lýkur í maí 2007. Kennt er í lotum á tveggja vikna fresti og 22 nemendur hófu námið. Kennsla á vorönn og haustönn 2006 fór fram í Grundarfirði, ýmist í vélsmiðju sem tekin var á leigu eða í skólanum. Mestur hluti kennslunnar var í höndum kennara frá Fjöltækniskólanum, en rafvirkjameistari í Grundarfirði tók einnig að sér hluta kennslunnar.

Samstarfsnefnd, sem í sitja stjórnendur og fulltrúar kennara, vann að gerð stofnanasamnings í samræmi við kjarasamning kennara á fyrri hluta ársins og var samningagerðinni lokið í maí og samningurinn kynntur fyrir kennurum. Mikil sátt var um samninginn. Helstu breytingar sem samningurinn hafði í för með sér var að í honum eru ákvæði um hvernig greitt er fyrir ýmis aukastörf sem gerir þau eftirsóknarlegri fyrir kennara. Á þessum grunni var skipað í ýmsa starfshópa sem unnið hafa af krafti frá hausti 2006, m.a. starfshópur um sjálfsmat og starfshópur um skólanámskrá.

Í sjálfsmatshópi starfa þrír kennarar, námsráðgjafi, aðstoðarskólameistari og skólameistari. Sjálfsmatshópurinn hefur sett fram framkvæmdáætlun um sjálfsmat til 2008 og hefur unnið ötulllega að verkefnum áætlunarinnar sem fela m.a. í sér viðhorfskönnun meðal nemenda á hverri önn, mat á kennslu, úttekt á námsmati og sérstaka könnun á stærðfræðikennslu.

Í skólanámskrárhópi starfa fjórir kennarar, auk skólameistara. Skólanámskrárhópur hefur unnið mikið starf, hefur unnið frá grunni þá kafla skólanámskrárinnar sem höfðu ekki verið unnir og endurskoðað, breytt og bætt aðra kafla skólanámskrárinnar.

Á vordögum fór starfsmannahópurinn yfir ýmis álitæfni á vinnudögum í maí. Frá því að skólinn hóf göngu sína hefur verið lögð mikil áhersla á sveigjanleika í kennsluháttum og með það að markmiði hefur kennslan verið skipulögð þannig að kennslustundir eru ýmist fastar kennslustundir með mætingaskyldu eða verkefnatímar sem nemendur ráða sjálfir hvort þeir sækja, hvenær og í hvaða námsgreinum. Í verkefnatímum eru kennarar á fyrirfram auglýstum stöðum og aðstoða þá nemendur sem óska eftir því. Þetta skipulag hefur verið í stöðugri umræðu og endurskoðun og smám saman hafa verið gerðar á því breytingar. Í byrjun voru langflestir áfangar skipulagðir þannig að tvær kennslustundir eru fastar og hinar tvær eru verkefnatímar. Á árinu 2005 höfðu föstu kennslustundunum verið fjölgað í verklegum áföngum, s.s. stuttmyndagerð og myndlist og nú var ákveðið að ganga lengra í ljósi reynslunnar og fjölga föstum kennslustundum í öllum 193 áföngum, í 3ja tungumálsáföngum og í fyrstu sex einingum í stærðfræði.

Bókasafnið var einnig til umræðu vegna þess að það hefur mjög lítið verið notað og varla hægt að rökstyðja það að hafa starfsmann þar sem mjög lítið hefur að gera. Ákveðið var að taka bókasafnið niður þar sem það var á 2. hæð, fá kennara til að safna í kennaraskápana bókum sem þeir nýta í kennslunni eða vilja hafa aðgengilegar fyrir nemendur sína og hafa síðan handbækur og fleira á skrifstofunni þar sem nemendur geta nálgast þær.

Tvö stór þróunarverkefni voru ákveðin í lok vorannar og fóru af stað í byrjun haustannar. Fyrra verkefnið er samvinnuverkefni Fjölbrautaskóla Snæfellinga og nokkurra norrænna skóla í Svíþjóð og Finnlandi. Verkefni er þverfaglegt og þar eru samþættar námsgreinarnar móðurmál, saga, samfélagsgreinar, margmiðlun og listir. Nemendur og kennarar munu skiptast á heimsóknum og vinna verkefni tengd sögum og samfélagi á hverjum stað.

Seinna þróunarverkefnið snýst um stærðfræði. Kennsluaðferðum og skipulagi í stærðfræði var gjörbreytt á haustönn 2006 og í stað getuskiptra námshópa kemur einstaklingsmiðað fyrirkomulag þar sem nemendur búa sér til áætlun í upphafi annar, stjórna hraðanum sjálfir og ákveða í samráði við kennara hversu margar einingar þeir taka á hverri önn. Undirbúningur að þessari breytingu var unnin um sumarið undir stjórn aðal stærðfræðikennara skólans, en Einar Steingrímsson, prófessor í kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík var fenginn til að veita kennurum ráðgjöf á meðan á undirbúningi verkefnisins stóð. Vegna þess hversu mikil breyting á kennsluháttum í stærðfræði þetta er, var ákveðið að sjálfsmatshópurinn meti

verkefnið nokkuð ört og nákvæmlega. Þetta var gert á haustönninni, ítarleg spurningakönnun lögð fyrir nemendur og kennara og tekið viðtal við rýnihóp nemenda. Niðurstöður lofa góðu og mun sjálfsmatshópurinn fylgjast áfram með framvindunni.

Árið 2006 var annað heila árið sem skólinn starfar og má segja að á árinu hafi ýmsir meginþættir í starfi skólans náð jafnvægi og að svolítið hafi hægt á þeim miklu, en nauðsynlegu breytingum sem einkennt hafa skólastarfið frá upphafi. Lögð hefur verið á það áhersla frá því að skólinn hóf starfsemi að starfsmannahópurinn sé gagnrýnninn á allt sem gert er og tilbúinn að breyta því sem ekki gengur nógu vel. Þetta hefur heppnast mjög vel, hópurinn hittist á fundi í hverri viku þar sem málin eru rædd og ákvarðanir teknar.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari